



Júní 2024

Spot Matching System (SMS litakerfið) er íslenskt litakerfi hannað og þroað samhliða fyrir **4 lita prentun** (CMYK), **vef** og **sjónvarp** af undirrituðum og er Spot-Nordic framleiðandi kerfisins. Kerfið var fyrst kynnt í desember 2018.

Aðalástæðan fyrir gerð SMS litakerfisins (grunnvinna hófst á árinu 2003) var sú staðreynd að flestir litir sem grafískir hönnuðir höfðu fram til þessa þurft að nota í grunnhönnun t.d. merkja fyrirtækja áttu það sameiginlegt að ekki var hægt að prenta viðkomandi liti í 4 lit, sem þá var í hröðum vexti og er í dag c.a. 80% af allri prentun í heiminum - og að oft var - og er ekki hægt að finna almennilega nálgun viðkomandi lita fyrir vef eða sjónvarp.

Viðkomandi sérlitir prentast þess utan aldrei eins á húðaðan og óhúðaðan pappír, sem er stór galli út af fyrir sig og var það annað vandamál sem SMS litakerfið leysir (SMS Standard og ECO litir prentast eins á húðaðan og óhúðaðan pappír)..

Við mælum með að hönnuðir noti SMS liti í grunnhönnun og velji sér frekar sérliti úr Pantone litakerfinu, RAL, Avery eða NCS eftir að búið er að velja SMS lit sem hentar, ef þörf krefur.

Komi upp sú staða að enginn SMS litur henti, þá er í boði sérbjónusta þar sem hönnuður getur valið sér hvaða lit sem hann eða hún vill úr hvaða litakerfi sem er sem fyrirmund eða jafnvel mælt lit og sent okkur LAB gildi viðkomandi litar. Einnig má einfaldlega senda okkur eldra lögð eða vörumerki í vefútgáfu (sRGB) eða jafnvel layout með öllum útfærslum lita sem þarf að uppfæra upp í SMS liti. Við þurfum einungis að vita hvort óskað er eftir Standard, ECO eða MAX útgáfu, hvaða pappírsgerðir á að prenta á (Fogra eða G7 staðlar), prentstaðla prentsniðju sem annast prentun - og hvaða prentútfærslum er óskað eftir.

Vörunúmer þessarar sérbjónustu er P10 - sjá nánar hér að neðan.

Prentsmiðjur af **flestu** tagi geta prentað SMS liti rétt, hvort sem um er að ræða offset prentsmiðjur, gravure, flexo eða stafrænar prentsmiðjur - eða blandaðar prentsmiðjur. SMS litakerfið byggir á þrautreyndri tæknri með icc litastjórnun, - sömu tæknri og nýtt er við litastjórnun litmynda í prentun, - skv. ISO 12647 staðli (sbr. t.d. Fogra 39/ISO Coated v2). Þar af leiðandi er hægt að prenta SMS liti út á venjulega prófarkaprentara ef viðskiptavinur vill fá litréttu prófórk til sampykks áður en prentun fer fram.

Auk vefs, sjónvarps og prentunar á pappír, er hægt að panta SMS liti fyrir flestar vörur, s.s. fyrir framleiðslu í plasti, fyrir fatahönnun (textíl) og leður til að tryggja fullkomna litasamræmingu lita allstaðar þar sem þeir eru notaðir. Ef viðkomandi framleiðandi er ekki vel tækjum búinn er alltaf hægt að senda prentaða litaprifu (P6) af viðkomandi SMS lit(um) - sjá verðskrá hér á eftir.

Nýjasta útgáfa kerfisins, - útgáfa 6, samanstandur af samtals 1.738 stafrænt skilgreindum, föstum grunnlitum fyrir alla helstu miðla (vef, sjónvarp og CMYK prentun) í 3 mismunandi útfærslum, - **samtals 5.214 litum**.

Með því að velja SMS liti sem grunnliði sína í stað lita úr öðrum og eldri "analog" litakerfum, geta fyrirtæki og stofnanir í fyrsta skipti samræmt og staðlað liti sína, stafrænt og sjónrænt á milli allra helstu miðla í markaðssetningu sinni, - fyrir vef, fyrir sjónvarp og fyrir prentun, hvort sem prentað er á Íslandi eða erlendis.

SMS er eina litakerfi í heiminum sem býður upp á algjöra litsamræmingu fyrir helstu miðla - sem þýðir að ef þú ert með rétt kvarðaðan skjá, þá eiga SMS litirnir sem þú sérð á skjánum í sRGB sniði (sbr. P20, P20e og P20x) að líta eins út og sömu litir prentaðir í CMYK sniði á rétt kvarðaða prentvél/prentara, hvort sem er á húðaðan eða óhúðaðan pappír.

Önnur litakerfi á markaðnum eru "analog" í grunninn - byggð á föstum uppskriftum og því breytast litir þeirra frá einum miðli til annars / frá einni pappírsgerð yfir í aðra ef sami liturinn er notaður (sbr. munur á Pantone C og Pantone U litum), auk þess sem litir þeirra eru ekki hannaðir fyrir litaskjái af nokkru tagi.

Þar eð SMS litapaletturnar eru afhentir í stafrænu sRGB sniði, þurfa auglýsingastofur ekki lengur að kaupa dýrar, prentaðar litabækur til að skoða og sýna viðskiptavinum sínum SMS liti sem mælt er með.



Hönnuður getur í raun valið SMS liti beint af skjá, sent viðskiptavini hugmyndir að grunnlitum til að byrja með (með tölvupósti), klárað hönnunina og sent viðskiptavini síðan endanlega útgáfu af nýju merki eða annarri hönnun í SMS litum - þess vegna beint í síma viðkomandi - eða sett upp vefsíðu fyrir viðkomandi viðskiptavin með öllum afbrigðum viðkomandi hönnunar, - fyrir prentun, vef og sjónvarp.

Hægt er að kaupa vandaða skjástilla hjá Spot-Nordic frá kr. 39.900 án vsk til að tryggja að skjáinn sýni sem réttasta liti og sömuleiðis vandaða litamæla sem hægt er að nota til að mæla lit af flötu yfirborði og finna þann SMS lit sem er líkastur með því að bera einfaldlega saman LAB gildi mælds litar og LAB gildi viðkomandi SMS P20 litapalettu sem fylgir með í kaupum á skjástillum og ColorMeter Exact mælunum - sjá www.spot-nordic.com/islandska/tiptop. Notendur ColorMeter Exact og TECHKON SpectroDens, sem Spot-Nordic selur einnig (sjá www.techkon.com) fá einnig aðgang að SMS Standard v6 litasafninu innbyggðu í viðkomandi mæli til að finna næsta SMS Standard lit og kalla upp hve nálægt hann er.

SMS litakerfið er rétta litakerfið ef einsleitni í völdum litum fyrir helstu miðla er markmiðið og telst það eðlilegt markmið t.d. í grunnhönnun fyrirtækjamerkjá (lögóa) og vörumerkjá hverskonar, sem þurfa að vera hönnuð frá grunni fyrir auglysingabirtingar í öllum miðlum nútímans.

Það er einfaldlega fagmannlegt að skilgreina allavega grunnlti fyrirtækja og stofnana þannig að þeir breytist ekki á milli miðla og þá er einfaldasta leiðin að nota SMS í grunnhönnun.

Auk þess að lágmarka hættu á litasveiflum í opinberri kynningu fyrirtækisins, eru fyrirtæki sem velja SMS liti að *lágmarka kolefnisfótspor sitt*.

Með því að prenta allt efni í CMYK í stað sérliða geta fyrirtæki minnkað kolefnisfótspor við viðkomandi prentun um allt að helming. Nánari upplýsingar og rökstuðning fyrir þessari staðhæfingu er að finna á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/environment.

SMS litakerfið er fáanlegt í 3 mismunandi útfærslum; **Standard** útgáfu, **ECO** útgáfu og **MAX** útgáfu og inniheldur hver útgáfa 1.738 liti sem notandi getur síðan blandað stafrænt saman ef þörf krefur.

Standard útgáfan SMS (upprunalega útgáfan) hentar fyrir alla hönnun og auglysingagerð fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum. Standard SMS litirnir henta fyrir 4 lita/process prentun á hvítan, húðaðan og óhúðaðan pappír skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 og Fogra 52 og sambærilega GRACOL/G7 prentun.

ECO útgáfan er hönnuð sérstaklega með umhverfismeðvitaða viðskiptavini í huga og hentar fyrir alla hönnun og auglysingagerð fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum. ECO litirnir eru fáanlegir fyrir 4 lita/process prentun á bæði hvítan sem og "off-white" pappír, húðaðan og óhúðaðan (s.s. Munken Pure) og endurnýjanlegan pappír og hentar einnig fyrir dagblaðaprentun. ECO litirnir henta fyrir prentun skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 og Fogra 52, GRACOL/G7 og SWOP stöðlum sem og WAN-IFRA staðlinum fyrir dagblaðaprentun auk Munken Pure icc prófilsins.

MAX útgáfan hentar mjög vel fyrir umbúðahönnun og markaðssetningu fyrir alla miðla, vef, sjónvarp og prentun skv. alþjóðastöðlum.

MAX litirnir eru dýpri og bjartari en Standard og ECO paletturnar. MAX litirnir henta fyrir 4 lita/process prentun á hvítan, húðaðan pappír skv. Fogra 39, Fogra 51 og samsvarandi GRACOL/G7 og fyrir vef og sjónvarp.

SMS standard og ECO litirnir, bæði grunnlitirnir og sérafbrigði líta eins út í 4 lit á húðaðan og óhúðaðan pappír.

Hægt er að sækja nothæfa útgáfu af útgáfu 3 (v3) með 500 SMS litum í sRGB sniði án endurgjalds á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/services til að skoða og prófa kerfið.

Nýlega kynntum við leið fyrir eigendur P20 litapalettana til að færa sjálfir sína SMS liti frá sRGB yfir í CMYK sér að kostnaðarlausu - sjá kynningu og grunnkennslu í notkun SMS litakerfisins fyrir alhliða hönnun [hér](#).

Skráðir SMS notendur geta einnig pantað stöðluð CMYK afbrigði þeirra SMS lita sem þeir eiga (að lágmarki í sRGB eða Rec. 709 sniði) án áskriftar og kostar t.d. 1 stk SMS litur fyrir CMYK prentun skv. Fogra 39 + fyrir vef og sjónvarp kr. 4.500 án vsk.



SMS BLOCK, er þægileg leið fyrir skráða notendur og áskrifendur til að halda utan um alla sérliti fyrirtækja á einum stað en sprar einnig notendum pening, þ.e. ein SMS blokk með 2 - 10 litum kostar það sama og einn stakur SMS litur fyrir CMYK, - sjá nánar www.spotmatchingsystem.com/blocks og umfjöllun hér að neðan.

SMS áskrift

Fyrirtækjum, stofnunum, vörumerkjum og prentsniðum býost að gerast **áskrifendur** að SMS. Áskriftargjaldið er kr. 119.900 án vsk á ári sem leggur sig út á u.p.b. kr. 10.000 án vsk á mánuði. Auglysingastofur geta jafnframt skráð staka viðskiptavini eða stök vörumerki í áskrift eða haft milligöngu um slíkt.

Innifalið í áskrift til fyrirtækja, stofnana, vörumerkja eða auglýsingastofa þeirra eru CMYK afbrigði SMS lita eða sérniðið SMS lógó/merki eða layout og litir í eins mörgum prent útfærslum og þörf krefur. Innifalið í áskrift er sRGB litapaletta með merktum SMS litum (P20) í öllum þremur útfærslum (Standard, ECO og MAX) og tæknileg ráðgjöf eftir þórfum, þ.m.t. samskipti við auglýsingastofur og prentsniðjur til að hjálpa við að fyrirbyggja mannleg mistök í vinnslu og prentun. SMS áskrift er þægilegasta og öruggasta leiðin fyrir fyrirtæki og stofnanir þar eða Spot-Nordic getur alfaríð séð um að umbreyta litum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar yfir í það form sem hentar hverju sinni - auk þess að styðja bæði hönnuð og framleiðanda til að tryggja bestu mögulega útkomu lita þeirra fyrir alla miðla.

Sérhæfð þekking Spot-Nordic í öllu sem snýr að litum og prentun veitir framleiðendum og prenturum einnig ákevðið aðhald þegar kemur að gæðaeftirliti.

Þjónusta Spot-Nordic og leyfi til að nota SMS liti opinberlega er einnig í boði utan áskriftar fyrir skráða notendur - þ.e. eigendur viðkomandi SMS litapalettu sem kostar kr. 13.900 án vsk með 12 mánaða aðgangi að þjónustu.

Notandi getur sent sRGB útgáfu af viðkomandi vörumerki - umfram allt SMS litum sem notaðir eru til sms@spot-nordic.com og geta þá t.d. prentsniðjur haft samband við Spot-Nordic til að staðfesta viðkomandi liti eða til að panta þjónustu - sbr. viðkomandi SMS liti í viðeigandi sniði.

ATH: Gjaldið á við **viðskiptavini**, - fyrirtæki, stofnanir eða vörumerki, - ekki hönnuði eða auglýsingastofu.

Framlengja þarf leyfið árlega til að viðhalda stöðu skráðs notanda og aðgengi að þjónustu Spot-Nordic.

Framlenging eftir fyrstu 12 mánuðina er ekki skilyrði og kostar hver framlenging kr. 8.900 án vsk á ári. Hvert aukaleyfi - fyrir þjónustu við fleiri en eitt vörumerki kostar kr. 8.900 án vsk per ár per vörumerki.

Auglýsingastofur sem vilja bjóða opinberlega upp á hönnun með SMS litum (SMS READY) geta skráð sig í áskrift og fengið þjálfun í færslu og meðferð SMS lita á á milli litarýma. Árgjald auglýsingastofu er kr. 52.500 án vsk. Innifalda eru allar 3 litapalettur SMS í sRGB sniði, auk þjálfunar.

Prentsniðjur sem bjóða upp á prentun skv. Fogra eða G7 stöðlum geta allar prentað SMS liti og geta þar með gerst áskrifendur að SMS litakerfinu og kynnt sig sem "SMS READY" skv. eigin prentstaðli/stöðlum ef vikmörk prentunar í 4 lit eru innan við dE00 upp á 3 að hámarki í framleiðslu.

Hver prentsniðja gefur upp sín eigin vikmörk. Árgjald per prentsniðju er kr 119.900 án vsk.

SMS READY prentsniðjur geta sótt um leyfi til að prenta SMS litabækur fyrir viðskiptavini sína með kynningu á eigin þjónustu.

Prentsniðjur geta sótt prufuprentforma fyrir helstu Fogra og G7 staðla á vefsíðuna www.spotmatchingsystem.com/technical/smsready/smstest til að kanna raunstöðu þegar kemur að prentun skv. ISO stöðlum og geta sótt um SMS READY vottun í framhaldinu og valið sér þá Fogra eða G7 staðla sem þær bjóða upp á.


Við aðstoðum prentsniðjur í öllum geirum við að prenta rétt samkvæmt ISO stöðlum, bæði á húðaðan og óhúðaðan pappír, sé þess óskað, t.d. skv. Fogra 39, Fogra 47, Fogra 51 eða Fogra 52 eða skv. GRACOL/G7 stöðlum.

Spot-Nordic er umboðsaðili fyrir mörg öflugustu fyrirtæki heims í framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir litastjórnun og getum við því útvegað bæði auglýsingastofum og prentsniðum flest sem þarf til að ná fullum tökum á litastjórnun fyrir skjá og fyrir prentun - sjá nánari upplýsingar á vefsíðunni www.spot-nordic.com/isleksa.




SPOT

matching system



Brand Color Management
SMS Visual Brand Identity Approach



Prepare a brand manual in sRGB format for color correct web viewing.



Printing (CMYK): SMS BLOCK 36
Web (sRGB): SMS BLOCK 36
TV (Rec. 709): SMS BLOCK 36

Contact sms@spot-nordic.com

Spot Matching System

ISO certified master colors for your brand!

sms@spot-nordic.com

www.spotmatchingsystem.com

Ofangreind mynd sýnir hvernig **SMS BLOCKS** virkar.

Í stað þess að panta staka SMS liti getur viðskiptavinur sem er **skráður SMS notandi** pantað **litablokk**, sem samanstendur t.d. í þessu tilfelli af 3 litum. Það er svo undir viðskiptavini komið hvort hann/hún vill gefa upp SMS heiti stakra lita eða ekki. Í þessu sýnidæmi hefur viðskiptavinur valið að gera það ekki.

Í því tilfelli sem viðskiptavinur ákveður að nota SMS Blokkirnar þá kostar fyrsta prentafbrigði viðkomandi lita það sama og ef stakir litir væru pantaðir - þ.e. kr. 4.500 án vsk pr. lit en eftir það kostar hver blokk - með allt að 10 litum það sama og 2 litir - kr. 9.000 án vsk - sjá nánar P30 hér að neðan.

Skráðir viðskiptavinir sem vilja ekki kaupa prentútfærslur SMS lita sinna geta, eins og áður var minnst á, nú sjálfir umbreytt SMS litum úr sRGB (sbr. P20) yfir í það CMYK snið sem óskað er eftir sér að kostnaðarlausu - sjá hér.



Helstu SMS vörur

Sundurliðun icc prófíla sem ECO, Standard og MAX kerfin styðja.

Innifalið í verði á SMS P20 litapalettu er 12 mánaða þjónusta Spot-Nordic við 1 vörumerki. Hægt er að kaupa þjónustu við fleiri vörumerki á kr. 8.900 per vörumerki. Þjónusta felur í sér almenna aðstoð með tölvupósti eða í síma og vistun á viðkomandi vörumerki og litum viðkomandi vörumerkis í sRGB sniði.

Framlenging um 12 mánuði kostar kr. 8.900 án vsk per litapalettu per vörumerki fyrir allar neðangreindar litapalettur.

Eigendur SMS P20 litapaletta geta sótt um SMS READY vottun (á eingöngu við einstaklinga). Viðkomandi þarf þá að sýna fram á að hann/hún geti unnið með og fært SMS liti frá einu litarými til annars. Verð fyrir SMS READY vottun er kr. 8.900 án vsk. Þessi vottun hefur ekkert með hæfni viðkomandi sem hönnuðar að gera, heldur þófar eingöngu tæknilega getu viðkomandi til að færa SMS liti á milli litarýma á réttan hátt.

Auglýsingastofu eða hönnuði er heimilt að skrá fyrirtæki sem áskrifanda eða kaupa viðkomandi SMS litapalettu og framlengja áskrift eða skráningu fyrir hönd viðskiptavinar. Endanlegur viðskiptavinur er þá skráður fyrir litapalettunni og fær úthlutað viðskiptamannanúmeri sem sá sem greiðir fyrir skráninguna þarf að nota í hvert skipti sem pantaað er.

Mikilvægt er að viðkomandi auglýsingastofa eða hönnuður láti Spot-Nordic í té afrit af öllum layoutum viðkomandi viðskiptavinar með sundurliðun á þeim SMS litum sem notaðir eru, í jpg sniði, 72dpi, sRGB. .

<p>SKU P20e v6</p> <p>1.738 Labelled ECO Colours in sRGB format</p>	<p>SMS P20e ECO, útgáfa 6.</p> <p>sRGB afhent í PDF sniði.</p> <p>1.738 litir fyrir alla hönnun. Off-white, mildir litir bestaðir fyrir dagblaðaprentun skv. WAN-IFRA / ISO 12647-3. Hægt að færa yfir í flest litasvið - sjá hér.</p> <p>Kr. 13.500 án vsk</p>
<p>SKU P20 v6</p> <p>1.738 Labelled Standard Colours in sRGB format</p>	<p>SMS P20 Standard, útgáfa 6.</p> <p>sRGB afhent í PDF og ASE sniði.</p> <p>1.738 litir fyrir alla hönnun. Náttúrulegir, fallegir litir, bestaðir fyrir prentun skv. Fogra 39 og Fogra 47 (hvítur pappír/hvít efni).</p> <p>Kr. 13.500 án vsk</p>
<p>SKU P20x v6</p> <p>1.738 Labelled MAX Colours in sRGB format</p>	<p>SMS P20x MAX, útgáfa 6.</p> <p>sRGB afhent í PDF sniði.</p> <p>1.738 litir fyrir alla hönnun. Bjartir, fallegir litir, bestaðir fyrir prentun skv. Fogra 39 (hvítur, húðaður pappír/hvít lokuð efni).</p> <p>Kr. 13.500 án vsk pr. ár</p>



SPOT

matching system

 SMS H-46 Kr. 4.500 án vsk pr. lit pr. prentstaðal.	<p>SMS P9 - stakur CMYK litur</p> <p>Afhent í PDF eða PNG/JPG sniði.</p> <p>ATH: Mikilvægt er að ákveða áður en pantað pappírgerðir sem á að nota í prentun og prentstaðal/staðla prents miðju sem annast prentun.</p>
 SMS P10 - Yfirfærsla merkis eða layouts yfir í SMS liti. Afhent í PDF sniði. Hægt að velja um SMS Standard, ECO eða MAX liti. Sendið okkur merki (lógo) eða layout í 300 dpi upplausn með icc prófil meðfylgjandi. Kr. 13.500 án vsk pr. CMYK litastaðal. sRGB og Rec. 709 útfærsla fylgja með.	
 SMS BLOCK 36 ISO COATED V2 FOGRA 51 FOGRA 39	<p>SMS P30 - SMS BLOCK</p> <p>Afhent í PDF eða PNG/JPG sniði.</p> <p>Inniheldur alla SMS liti viðskiptavinar saman í einni blokk.</p> <p>Sýnir ICC prófil sem á að nota í vinnslu verkefnis sem inniheldur þessa CMYK liti, ISO COATED V2 í þessu tilfelli.</p> <p>Sýnir hvítu (white point) valins pappírs (Fogra 51 í þessu tilfelli)</p> <p>Sýnir prentstaðal prents miðju sem annast prentun (Fogra 39 í þessu tilfelli).</p>

Viewing condition: D50/2° Measurement condition: M1	 Brand name..... Job ID/type..... Manufacturer/Printer:.....  P6	<p>SMS P6 - litasýnishornamiðar</p> <p>Stærð: 7,6 x 10,5 cm pr. miða, pr. reit: 1 x 1,5 cm. Hægt að velja "Standard", "ECO" eða "MAX".</p> <p>SMS litir viðskiptavinar. Sendist með verkefni í framleiðslu og fyrir gæðaeftirlit innan fyrtækis.</p> <p>Fáanlegt á húðaðan eða óhúðaðan pappír. 8, 16 eða 32 miðar pr. ör. P6c (húðaður pappír): kr. 2.190 án vsk pr. miða. P6u (óhúðaður pappír): kr. 2.190 án vsk pr. miða.</p> <p>Fyrir SMS áskrifendur: 8 miðar, 16 eða 32 miðar pr. ör. P6c (húðaður pappír): kr. 1.390 án vsk pr. miða. P6u (óhúðaður pappír): kr. 1.390 án vsk pr. miða.</p>
--	---	--



SPOT

matching system

<p>Do you know what a media neutral colour means? We have 1.738 media neutral colours, suited for anything. Visit the TECHKON stand at Drupa to see for yourself and try out the only SMS READY Spectro-Densitometer in the world in Hall 9/A03.</p>  <p>The image shows the SMS READY Spectro-Densitometer. It features a color calibration chart with various color patches labeled A-121 through I-122. Below the chart is a digital display showing a list of color measurements with their respective Delta E values:</p> <table border="1"><thead><tr><th>Color</th><th>Delta E</th></tr></thead><tbody><tr><td>SMS_G-122</td><td>ΔE: 2.2</td></tr><tr><td>SMS_F-43</td><td>ΔE: 3.6</td></tr><tr><td>SMS_F-44</td><td>ΔE: 3.8</td></tr><tr><td>SMS_F-122</td><td>ΔE: 4.2</td></tr><tr><td>SMS_H-122</td><td>ΔE: 4.4</td></tr><tr><td>SMS_H-122</td><td>ΔE: 4.8</td></tr><tr><td>SMS_G-123</td><td>ΔE: 5.1</td></tr><tr><td>SMS_G-44</td><td>ΔE: 5.6</td></tr></tbody></table> <p>At the bottom of the device, there are three small color patches labeled SMS G-20, SMS J-20, and SMS K-20. The entire unit is branded with the SPOT matching system logo.</p>	Color	Delta E	SMS_G-122	ΔE: 2.2	SMS_F-43	ΔE: 3.6	SMS_F-44	ΔE: 3.8	SMS_F-122	ΔE: 4.2	SMS_H-122	ΔE: 4.4	SMS_H-122	ΔE: 4.8	SMS_G-123	ΔE: 5.1	SMS_G-44	ΔE: 5.6	<h3>TECHKON SpectroDens litrófsmælir</h3> <p>TECHKON SpectroDens Spectro Densitometer mælirinn er einn vandaðasti litrófsmælir í heimi.</p> <p>Mælirinn hentar fullkomnlega til notkunar í prentsal en er einnig afar gagnlegur til að fylgjast nákvæmlega með framleiðslu og nákvæmni í framleiðslu og prentun, þar sem krafist er nákvæmni þegar kemur að litum.</p> <p>SMS Standard v6 litakerfið er innbyggt í SpectroDens litrófsmælinn (Advanced/Premium). Mælirinn er einnig eini litrófsmælirinn á markaðnum sem er með SMS READY vottun.</p> <p>Verð frá kr. 899.000 án vsk. Pay & Pay kjör í boði.</p> <p>Sjá nánar verðskrá TECHKON hér.</p>
Color	Delta E																		
SMS_G-122	ΔE: 2.2																		
SMS_F-43	ΔE: 3.6																		
SMS_F-44	ΔE: 3.8																		
SMS_F-122	ΔE: 4.2																		
SMS_H-122	ΔE: 4.4																		
SMS_H-122	ΔE: 4.8																		
SMS_G-123	ΔE: 5.1																		
SMS_G-44	ΔE: 5.6																		
<h3>ColorMeter Exact litrófsmælir</h3>  <p>The image shows the ColorMeter Exact Spectro-densitometer. It consists of a handheld device with a built-in camera and a smartphone displaying the app interface. The app shows a live feed of the device's sensor and various measurement data. Below the device is a color calibration chart with color patches labeled 45/0, M0, M1, M2, M3. The entire unit is branded with the SPOT matching system logo.</p>	<p>Eitt snjallasta tækið á markaðnum.</p> <p>Mælirinn er nægilega nettur til að hægt er að stinga honum í vasann. Hann tengist snjallsímanum í gegnum app sem fylgir með í kaupunum.</p> <p>Colormeter Exact er ekki jafn nákvæmur og SpectroDens mælirinn, en hann er nægilega nákvæmur til að hann nýtist til að finna næsta SMS lit og til að fylgjast nákvæmlega með völdum litum viðskiptavína sem hægt er að vista í appið. SMS Standard v6 litakerfið er einnig innbyggt í hann og fylgir með í kaupunum ásamt SMS P20 Standard v6 litakerfinu sjálfu í PDF og ASE sniði.</p> <p>Verð kr. 89.900 án vsk</p> <p>Sjá nánari upplýsingar hér.</p>																		

Nánari upplýsingar um aðrar SMS vörur og þjónustu ásamt ítarlegum upplýsingum um kosti SMS áskriftar fyrir fyrirtæki, stofnanir, auglysingastofur og prentsmeðjur er að finna á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/services.

Ítarlegar upplýsingar fyrir prenthönnun og prentsmeðjur t.d um hvernig hægt er að setja upp viðbótar SMS litaborða inn á layout er að finna á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/printers

Nánari upplýsingar um SMS litakerfið á íslensku er að finna á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com/islenska og á ensku á vefsíðunni www.spotmatchingsystem.com.

Vinsamlega sendið pantanir eða fyrirspurnir á sms@spot-nordic.com eða hafið samband í síma 896 9790 til að ræða málin.